

Kennsluáætlun

Veturinn 2019-2020

Bekkur: 2.bekkur

Námsgrein: Stærðfræði

Kennari: Ásdís Árnadóttir

Bækur:

- Sprotu bækurnar eru mjög myndrænar bækur þar sem lögð er áhersla á margs konar kennsluáferðir og misþung verkefni. Markmiðin eru skýr og hvert viðfangsefni tekið fyrir á fjölbreyttan hátt. Textar eru stuttir og auðlesnir. Allir nemendur fara í gegnum nemendabókina en æfingabókin er ætluð sem aukabók fyrir þá sem vinna hraðar.
- Verkefni fyrir vasareikni er einkum ætluð til að kynna nemendum notkun vasareiknis sem hjálpartæki í reikningi.
- Bókarflokkurinn Í undirdjúpunum eru æfingahefti í stærðfræði fyrir yngsta stig grunnskóla. Í undirdjúpunum – Samlagning er einkum fengist við tölur og samlagningu á bilinu 1 – 100. Talsverð áhersla er á notkun talnalínu og uppbyggingu sætiskerfisins.
- Húrra heftunum – er ætlað að þjálfa nemendur í að glíma við þrautir og fara sínar eigin leiðir í leit að lausnum og útskýra lausnarleiðir sínar. Heftin eiga að efla sjálfstraust nemenda og sjálfstæði þeirra í vinnu, skilning og rökhugsun. Þau auka færni nemenda í lestri og í að greina upplýsingar úr texta.
- Viltu reyna – aukabók sem nemendur vinna frjálst í.

Helstu kennsluáferðir: Innlögn á töflu í upphafi hvers kafla og létt upprifjun í upphafi hvers tíma. Einstaklingsvinna í bækur, para og hópavinna í ýmsum leikjum og verkefnum. Kennslan brotin upp með stærðfræðihringekjum og lifandi stærðfræðikennslu í anda „Leikur að læra“ hugmyndafræðinnar.

Samþætting námsgreina: Samþætting við íslensku í gegnum byrjendalæsi og náttúru- og samfélagsfræði auk samþættingu við Ipad og tölvutíma þar sem m.a. er nýtt efni á norska sprotavefnum.

Námsmat: Geta nemenda metin jafnóðum og í lok annar er lagt fyrir verkefni úr efni vetrar.